

Reykjanesbæ 20. apríl 2012

**Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.
Þingskjal 1052 — 657. mál 140. löggjafarþings**

Bókun bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar lögð fram á fundi bæjarstjórnar Reykjanesbæjar þann 17. apríl 2012:

Framkomin frumvörp um stjórn fiskveiða og veiðigjöld eru mikilvægur áfangi í langþráðri kerfisbreytingu í sjávarútvegi. Kerfisbreytingu sem tryggir auðlindina sem ævarandi sameign þjóðarinnar, tryggir þjóðinni sanngjarnan arð af auðlind sinni og tryggir tækifæri til nýliðunar í greininni með virkum og vaxandi útboðsmarkaði.

Aukinn arður þjóðarinnar af auðlindinni verður m.a. nýttur til við fjárfestingar í innviðum samfélagsins, menntun, nýsköpun og rannsóknum, og við sóknaráætlanir í atvinnulífi um land allt.

Samkvæmt frumvörpunum verður heimilt að skilyrða hluta af aflaheimildum ríkisins til útleigu við ákveðin svæði sem standa veikt og/eða hafa glatað miklu af sínum heimildum. Svigrúm ríkisins til að mæta kröfum byggðarlaga, eins og Reykjanesbæjar, verður því verulega aukið.

Samkvæmt frumvörpunum fara um 20 þúsund þorskígildistonn í útleigu á kvótapiingi strax í haust og gangi spár eftir um aflaaukningu mun sá leigupottur stækka hratt. Þá munu 40% af tekjum sem fást vegna leigu á kvótapiingi renna til sveitarfélaga.

Ljóst er að samþykkt frumvarpanna yrði til þess að efla útgerð og fiskvinnslu í Reykjanesbæ og þar með atvinnu í bænum.

Friðjón Einarsson

Guðný Kristjánsdóttir

Eysteinn Eyjólfsson